



## Kynlífsmenning framhaldsskólanema frá sjónarhorni ungra karla

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Þórður Kristinsson og Þorgerður J. Einarisdóttir

► Abstract    ► Um höfundana    ► About the authors    ► Heimildir

Kynlífsmenning ungs fólks hefur breyst hratt á undanförunum áratugum. Í greininni er fjallað um upplifun ungra karla af þeirri kynlífsmenningu sem tíðkast í framhaldsskólum nú á dögum. Spurt er hvaða skilning þeir leggja í kynlífsmenninguna, hvaðan hugmyndir þeirra um kynlíf koma, hvort þeir upplifa þrýsting í þessum efnum og hvernig hann birtist. Tekin voru einstaklings- og rýnihópaviðtöl við 11 stráka á aldrinum 18 til 21 árs úr tíu framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu og utan þess. Fræðileg sjónarmið greinarinnar byggjast á því að kynlífsmenningin hverju sinni móti nokkurs konar kynlífshandrit eða forskrift að hegðun og væntingum. Kynlífshandrit geta verið mismunandi fyrir ólíka hópa og gefa þannig ólík skilaboð eftir því hvaða hópar eiga í hlut. Þannig eiga strákar og ungir karlar gjarnan að vera virkir kynferðislegir gerendur og mikil reynsla á kynlífs sviðinu þykir eftirsóknarverð. Stelpur á hinn bóginn eiga að halda sig innan ákveðins ramma og takmarka fjölda bólfélaga, annars eiga þær á hættu að fá á sig druslustimpil. Niðurstöður benda til þess að félagsþrýstingur hafi töluverð áhrif á kynlífsmenningu ungra karla. Mikill þrýstingur er á þeim að vera ávallt reiðubúnir að stunda kynlíf og helst að deila þeirri reynslu með kunningjahópnum. Klám hefur mikil áhrif á hugmyndir þeirra um hvers er vænst af þeim í kynlífi og reyna þeir margir hverjir að standast þær væntingar. Þá telja þeir að mismunandi reglur gildi um kynhegðun karla og kvenna og að strákum leyfist meira í kynferðislegum efnum. Enda þótt stór hluti stráka taki þátt í ríkjandi kynlífsmenningu reynist hún mörgum þeirra erfið og kvíðavaldandi.

*Efnisorð:* Kynlífsmenning, kynlífshandrit, þrýstingur, kynjakerfi.

### Inngangur

Undanfarna áratugi hafa hugmyndir fólks um kynlíf og kynverund tekið miklum breytingum. Í greininni er fjallað um upplifun stráka á framhaldsskólaaldri af þeirri kynferðislegu menningu og orðræðu sem einkennir veruleika ungs fólks nú á dögum. Samskipti breytast með nýrri upplýsingatækni, og með opnari umræðu og auknu frelsi í kynferðismálum breytist kynhegðun, ekki síst yngri kynslóða. Með auknu kynfrelsi fylgja þó einnig áskoranir. Klámframleiðsla hefur aukist, þar sem konur eru kynferðislega hlutgerðar og auknar kröfur gerðar um að þær séu kynferðisleg viðföng karla (Þorgerður Einarisdóttir, 2006). Hér á eftir verða þessar breytingar skoðaðar með hliðsjón af kynjakerfinu (e. gender system), hinu ævagamla félagslega valdakerfi sem aðgreinir fólk eftir kyni og viðheldur valdamisræmi (Walby, 1990). Frá fæðingu eru börn sett í tvo aðgreinda flokka út frá líffræðilegu kyni samkvæmt menningu og væntingum samfélagsins. Kórlum og strákum eru eignaðir eiginleikar tengdir karlmennsku svo sem og agi,

líkamlegur styrkur, rökvísi, samkeppni og völd. Konum og stelpum eru hins vegar eignaðir kvenlegir eiginleikar sem menningarlega eru tengdir samviskusemi, tilfinningasemi, viðkvæmni og valdaleysi (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004).

Þótt valdakerfið sé kynbundið er þó ekki sjálfgefið að allir karlar græði á því og allar konur séu sjálfkrafa undirskipaðar. Kerfið er samtvinnuð öðrum félagslegum mismunarbreytum svo sem stétt, kynþætti, uppruna, fötlun, kynhneigð og kynvitund. Skyldubundin gagnkynhneigð og síð kynjaforræði eru samofin kynjakerfinu og hinsegin fólk fellur neðar í virðinga- og valdastiganum (Connell, 1987). Þrátt fyrir að kynjatvíhyggjan og flokkunin í einungis tvö kyn hafi verið gagnrýnd á síðustu árum og áratugum er enn að mestu gengið út frá þessari tvenndarflokkun (Butler, 2006). Fólk hrærist í hringið kerfisins og það er gjarnan hulið sjónum þess, svo mjög að það telur valdamisræmið jafnvel eðlilegt. Það kallast að vera undir áru kynjajafnréttis þegar fólk telur að jafnrétti sé náð og að allir hafi sömu tækifæri þrátt fyrir að sú sé ekki raunin (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2012).

Eftirfarandi spurningar liggja til grundvallar greininni: Hver er upplifun ungra karla af gagnkynhneigðri kynlífsmenningu og kynlífstengdri orðræðu innan framhaldsskólanna? Upplifa ungir karlar þrýsting til að stunda kynlíf og taka þátt í ákveðnum kynlífsathöfnum? Hvaðan kemur sá þrýstingur og hver er birtingarmynd hans? Hvernig upplifa ungir karlar áhrif kláms og klámvæðingar á menningu framhaldsskólanema? Með hvaða hætti upplifa ungir karlar kynjajafnrétti í kynlífsmenningu framhaldsskólanema?

## Fræðileg sjónarmið

### Kynheilsa

Kynheilsa (eða kynheilbrigði) nær yfir líkamlega, tilfinningalega, andlega og félagslega velferð í tengslum við kynverund. Kynheilsa einskorðast með öðrum orðum ekki við að vera laus við kynsjúkdóma, kynlífsvandamál eða heilsubrest. Kynheilsa krefst virðingar fyrir kynverund og kynferðislegum samböndum, ásamt því að geta átt ánægjuleg og örugg kynferðisleg samskipti án þvingana, misréttis og ofbeldis (World Association for Sexual Health, 2014). Kynheilsa birtist meðal annars í því hversu vel konur og karlar þekkja eigin líkama og kynlíflanganir áður en þau fara að stunda kynlíf með öðrum. Karlar stunda sjálfsfróun oftast en konur (Peterson og Hyde, 2011) og rannsóknir á kynhegðun unglunga sýna að margfalt fleiri strákar en stelpur stunda sjálfsfróun, þeir byrja fyrr og fróa sér oftast (Leitenberg, Detzer og Srebniak, 1993). Sjálfsfróun skiptir máli fyrir það hvernig fólk stendur að vígi þegar að fyrstu kynlífsreynslunni kemur. Leitenberg og félagar benda á mikilvægi þess að stelpur séu hvattar til þess í kynfræðslu að kynast líkama sínum sjálfar þannig að strákarnir verði ekki í yfirburðastöðu og kynin geti mæst á jafnréttisgrundvelli í kynlífi. Samkvæmt viðmælendum í rannsókn Salvarar Sæmundsdóttur (2018) á kynfræðslu á Íslandi virðist þó enn vanta upp á að stúlkur séu hvattar til að stunda sjálfsfróun. Upplifun viðmælenda hennar á kynfræðslu í grunnskóla var ólík eftir kynjum en stúlkurnar kváðust aðallega hafa fengið fræðslu um kynþroskann, blæðingar og kynsjúkdóma á meðan strákarnir mundu eftir fræðslu um sjálfsfróun. Sjálfsfróun kvenna var nefnd stuttlega, en skautað var hratt yfir efnið og upplifun stúlkanna af fræðslunni var að hún hefði verið vandræðaleg og frekar neikvæð.

Það er þó ekki eingöngu í gegnum kynfræðslu og umræðu um sjálfsfróun sem ólíkar kynferðislegar væntingar til kynjanna birtast. Samkvæmt Tolman og félögum (2003) búa strákar við ýmsar menningarlegar hömlur, sem og beinar og óbeinar kröfur um að efla karlmennsku sína, gera tilkall til kynlífs og eltast óhræddir við langanir sínar. Vinahópurinn hefur þar mikil áhrif og til að sanna karlmennsku sína gagnvart hópnum líta strákar á stelpur sem kynferðisleg viðföng. Þrátt fyrir margbreytileika nútímasamfélaga er íhaldssömum hugmyndum haldið að ungu fólki bæði varðandi kynjahlutverk og kynferðislegar væntingar (Tolman og McClelland, 2011). Þótt væntingar til kynjanna séu ólíkar fléttast þær einnig saman. Tolman og félagar halda því fram

<sup>a</sup> Síð er notað um fólk sem upplifir að það tilheyrir því kyni sem því var úthlutað við fæðingu. Sjá Hinsegin frá Ö til A, <https://otila.is/hinsegin-regnhlifin/kynvitund-og-kynjtaning/sis-sis-kynja/>.

að í raun leitist bæði kyn við að uppfylla hinar karllægu væntingar samfélagsins. Stelpur og strákar reyni þannig að gangast upp í þeirri forskrift sem er ríkjandi hverju sinni um „eðlilega kynlífshegðun“ þ.e. hvernig kynlíf fólks eigi að fara fram og með hverjum, en sú forskrift hefur stundum verið kölluð „kynlífsandritið“.

## Kynlífsandrit

Hugmyndin um kynlífsandrit (e. sexual script) var sett fram af Gagnon og Simon árið 1973 en þeir voru sammála um að við rannsóknir á kynlífsmenningu og kynverund fólks væri ekki hjá því komist að taka mið af ýmsum samfélagslegum gildum (Gagnon og Simon 1973, sjá einnig Plummer, 2012). Þeir félagar kynntu þá hugmynd að kynlífsmenningin á hverjum stað og hverjum tíma fyrir sig mótaði nokkurs konar kynlífsandrit eða forskrift. Andritið innihéldi viðmið um hver gegndi hvaða hlutverki, hver mætti gera hvað, hvernig og með hverjum. Þeir töldu þrjá meginþætti bera hvert andrit uppi, í fyrsta lagi formgerð samfélagsins sem viðkomandi byggir í og félagslega stöðu (e. cultural scenarios), í öðru lagi þá hegðun og framkomu sem ætlast væri til af viðkomandi í samræmi við hefðir og gildi samfélagsins (e. interpersonal script) og í þriðja lagi hið persónulega andrit (e. intrapsychic script) sem geymdi langanir, hvatir og þrjár hvers einstaklings sem mótast hefðu af þeim veruleika sem hann hefði alist upp í. Andritin eru ekki fastmótuð og það er ljóst að sama andrit á ekki við um alla sem þó búa í sama samfélagi. Viðmið geta m.a. verið ólík til kvenna og karla, hinsegin fólks og sískynja gagnkynhneigðs fólks, sem og til annarra hópa innan samfélagsins (Plummer, 2012; Escoffier, 2007; Simon og Gagnon, 2003).

Í kynlífsandriti fyrir gagnkynhneigða birtist gjarnan sú krafa að strákar eigi að vera kynferðislegir gerendur en hlutverk stelpna sé að samþykkja eða afþakka kynlífið. Önnur birtingarmynd mismunandi kynlífsandrita er viðhorf til fjölda bólfélaga þar sem hið kynferðislega orðspor skiptir miklu máli en á mismunandi hátt. Strákar hafa leyfi til að prófa sig áfram og eiga marga bólfélaga án þess að það bitni á orðspori þeirra því það þykir karlmannlegt að hafa mikla reynslu á kynlífsviðinu. Fyrir þá er kynlíf talið leikur og keppni (Aapola, Gonick og Harris, 2004).

Stelpur fá hins vegar á sig druslustimpil ef þær eiga marga bólfélaga og halda sig ekki innan hins kvenlega ramma. Rannsóknir hafa sýnt að í kynlífi óttast stelpur mun meira að fá á sig druslustimpil en að fá kynsjúkdóm (Holland, Ramazanoglu, Sharpe og Thomson, 1998). Það vekur athygli að bæði kynin virðast taka jafnan þátt í stimuluninni. Kvikmyndafræðingurinn Laura Mulvey (1975/2003) hefur bent á að sjónarhornið sem oftast er ráðandi í myndrænum miðlum sé karllægt og því venjist fólk á að horfa á heiminn í gegnum það augnarád. Bæði strákar og stelpur upplifa því að einhverju leyti eins konar karlarödd í höfði sér og finna að hið karllæga augnarád fylgir þeim eftir. Stelpur líta út og haga sér í samræmi við það sem karlmannsaugað óskar eftir og strákar gera það sama. Stelpur eru þannig til sýningar í þeim tilgangi að gleðja karlmannsaugað og ráða ekki sjálfar merkingu sinni. Strákarnir sjá um að glápa og festa því merkingu á kvenlíkamann. Þeir sýna svo karlmennsku sína með því að uppfylla kröfur hópsins og sanna gagnkynhneigð sína. Margt bendir til þess að hvorki stelpur né strákar séu með kvenlega rödd í höfði sér þar sem hið kvenlega augnarád skiptir ekki máli (Holland o.fl., 1998; Mulvey, 1975/2003).

## Skyndikynnamening

Síðastliðinn áratug hefur breytt kynlífsandrit meðal bandarískra ungmenna verið í brennidepli en margt bendir til að hið nýja norm sé skyndikynni án tilfinningabanda. Kathleen Bogle (2008) telur þessa menningu vera á kostnað stelpnanna. Michael Kimmel (2008) hefur lýst kynlífsmenningu ungmenna sem „strákakynlífi“ þar sem kynlífið sé á forsendum stráka. Ýmsir hafa tekið undir með þeim Bogle og Kimmel (sjá t.d. Birger, 2015), en aðrir telja þau líta fram hjá því að ungar konur græði einnig á ástandinu (sjá t.d. Rosin, 2012 og Taylor, 2013). Enn aðrir segja þau draga upp ýkta mynd af ástandinu sem einhvers konar kynlífsorgú (sjá t.d. Morris, 2014; Sciortino, 2015).

Í rannsókn sinni á skyndikynnamenningu bandarískra tánunga segir Lisa Wade (2017) að framhaldsskólaár amerískra ungmenna (á svipuðum aldri og eru til rannsóknar hér) séu umlukin afar kynferðislegu andrúmslofti. Lítið er að því liggja að heimavistarlíf einkennist af skyndikynnum og mikilli kynferðislegri virkni þar sem allir séu með öllum. Wade segir ungmennin undir miklum þrýstingi til að taka þátt en einungis lítill hluti þeirra geri það. Hvorki strákar né stelpur „græði“ í raun á ástandinu og flestum finnst þau utanveltu og ófullnægð. Hið sterka kynferðislega andrúmsloft endurspeglar því ekki endilega raunveruleikann. Meðaltal skyndikynna sé til dæmis um það bil átta á öllum námsárunum, eða um ein á misseri, og þar af eru margir oftast einu sinni með sama aðila. Þriðjungur nemenda útskrifast án þess að hafa átt í skyndikynnum. Wade fann mikil tengsl milli drykkju og kynlífsmenningar þar sem „fyrirpartý“ og drykkjuleikir eru nýtt til þess að draga úr hömlum (Wade, 2017).

Bandarískt samfélag er að sjálfsögðu nokkuð frábrugðið hinu íslenska og margt í þessu „nýja normi“ meðal bandarískra ungmenna kann að virka mjög framandi en einnig kunnulegt í ljósi íslenskra aðstæðna. Hérlandis hafa skyndikynni án tilfinningabanda viðgengist í nokkuð langan tíma án þess að þau séu sérstaklega litin hornauga. Í raun er viðhorf til kynlífs á Norðurlöndunum mun frjálslýndara en í Bandaríkjunum, hefur verið það lengi og ekki þótt tiltökumál (sjá til dæmis Haavio-Mannila, Kontula og Rotkirch, 2002). Það gæti hugsanlega útskýrt að einhverju leyti hvers vegna færri rannsóknir hafa verið gerðar á kynlífsmenningu ungmenna á Norðurlöndunum á meðan þessi breyting á kynlífsmenningu í Bandaríkjunum þykir meira áhyggjuefni.

Þær rannsóknir sem má finna á kynlífsmenningu ungmenna í norrænum samfélögum snúa fyrst og fremst að upplifun stúlkna af téðri menningu og þann tvískinnung sem ríkir þegar kemur að mismunandi væntingum til kynjanna í kynlífshegðun. Til að mynda er rannsókn Katrine Binesbøl Holm Johansen, Bodil Mariu Pedersen og Tine Tjørnhøj-Thomsen (2019) á upplifun danskra unglingsstúlkna á kynlífsmenningu á þann veg að þeim finnst sem strákarnir stjórni orðræðunni. Þær eru hræddar við druslustimplun og reyna að mæta henni með því að kalla stráka sem vilja bara nota stelpur fyrir kynlíf „fuckboy“. Svipaða þræði má finna í rannsókn Eivind Grip Fjær, Willy Pedersen og Sveinung Sandberg (2015) á hræðslu norskra stelpna við drusluskömm þegar kemur að „russ“-tímabilinu, en það er sér norskt fyrirbæri þegar stúdentsefni sleppa fram af sér beislinu rétt fyrir skólalok. Á „russ“-tímabilinu er ekki óvanalegt að þátttakendur stundi einhvers konar skyndikynni með nokkrum einstaklingum og prófi sig áfram í kynlífstengdri hegðun sem alla jafna er ekki ásættanleg. Þátttakendur skrifa þó þessa óvenjulegu hegðun á „russ“-tímabilið og væntingarnar sem tengjast því að „allir eigi að vera með öllum“ meðan á því stendur. Engu að síður eru viðmælendur rannsækenda á því að mörkin séu víst til staðar á þessu tímabili og að stelpurnar passi sig á að verða ekki „þessar stelpur“ sem ganga það langt að þær fái á sig druslustimpil.

## Klám

Klám hefur mikil áhrif á þróun kynlífshandritsins (sjá t.d. Bridges, Sun, Ezzell og Johnson, 2016; Grubbs, Wright, Braden, Wilt og Kraus, 2019). Engin einhlít skilgreining er til á klámi og fólk leggur mismunandi skilning í hugtakið. Hér er stuðst við skilning Russell (1993) sem gerir greinarmun á erótík og klámi. Hún segir klám snúast um kynferðislegar athafnir og berskjöldun á kynfærum fólks þar sem misnotkun og niðurlæging á sér stað. Erótík er hins vegar kynferðislega örvandi efni þar sem ekki er gert út á fordóma eða misnotkun, virðing borin fyrir fólki og dýrum og hið kynferðislega efni byggt á samþykki og jafnræði þeirra sem eiga í hlut. Gagnrýni á klám í anda Russell snýst því ekki um nekt eða kynlíf heldur völdin, misnotkunina og niðurlæginguna.

Þrátt fyrir að stelpur hafi fengið ákveðið samþykki fyrir því að vera kynverur eins og strákar, snýst kynlíf þeirra meira og minna um að fullnægja þörfum strákanna, samkvæmt rannsókn Aapola og féлага (2004). Þar hefur klámahorf sín áhrif, margar ungar stelpur virðast samþykkja að taka þátt í kynferðislegum athöfnum sem tengja má beint við klám. Strákarnir óska eftir því að þær prófi með þeim athafnir úr klámi sem geta jafnvel valdið stelpunum sársauka og niðurlægingu.

Niðurstöður Aapola og félaga eru því þær að stelpurnar telja sig ekki vera í aðstöðu til að neita, vilja fremur taka þátt en missa frá sér strákinn og valdið liggur því hjá strákunum.

Rannsóknir benda til að klámnotkun íslenskra ungmenna sé mikil, einkum stráka, og í samnorrænni könnun frá 2010 áttu íslenskir drengir á aldrinum 16 til 19 ára Norðurlandamet í klámáhorfi (Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Jón Sigfússon, Álfgeir Logi Kristjánsson, Hrefna Pálsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2010). Þá virðist sem klámáhorf hafi aukist bæði hérlendis og erlendis (sjá til dæmis Donevan og Mattebo, 2017). Í tölum Rannsóknar og greiningar frá 2018 horfa reykvískir drengir í 8. 9. og 10. bekk meira á klám en drengirnir í könnuninni frá 2010; 51% þeirra horfa á klám allt frá fimm sinnum í viku og upp í nokkrum sinnum á dag. Þess ber þó að geta að 29% stráka og 78% stelpna sögðust aldrei eða nær aldrei horfa á klám (Rannsóknir og greining, 2018). Rannsókn Guðbjargar Hildar Kolbeins (2016) á framhaldsskólanemum 18 ára og eldri sýndi að tæp 99% stráka höfðu horft á klám og rúm 87% stelpna. Strákar horfa mun frekar á klám í einrúmi meðan stelpur horfa með kærasta, maka eða vinum. Rannsókn Ástrósar Erlu Benediktsdóttur (2016) á framhaldsskólanemum 18 ára og eldri sýnir að strákar hafa oftár jákvæð viðhorf til kláms en stelpur. Þá staðfesta kannanir sterk tengsl á milli mikillar klámnotkunar og kynlífshegðunar. Til að mynda í rannsókn Mattebo og félaga (2014) á ungum sænskum körlum og konum, sem og rannsókn Donevan og Mattebo á ungum sænskum körlum (2017), kemur fram að þeir sem horfa mikið á klám eru mun líklegri til þess að horfa á grófara og ofbeldisfullra klámefni, hafa tekið þátt í fjölbreyttari og áhættusamari kynlífshegðun, hafa fantasíur um að leika eftir klámefninu sem þeir hafa neytt og síðast en ekki síst að þurfa að hafa klámefnið sem hækju þegar kemur að kynlífi (geta ekki fengið reisin án kláms). Svipaðar niðurstöður má finna fyrir bandarísk ungmenni (sjá til dæmis Sun, Bridges, Johnson og Ezzell, 2016) og meðal íslenskra ungmenna (Ástrós Erla Benediktsdóttir, 2016).

Margir fræðimenn telja að klám hafi smeygt sér inn í daglegt líf fólks að því marki að það sé hætt að veita því athygli og farið að taka upp hegðun, útlit og tísku beint úr klámi (Dines 2010; Sørensen og Knudsen, 2006). Dæmi um þetta er hárvöxtur og hárleysi en mikil tengsl eru á milli hugmynda um hæfilegan hárvöxt og kláms. Þau skilaboð berast með fjölmiðlum, markaðssetningu og auglýsingum að hár séu óhrein, skilaboðin ná til beggja kynja en eru afar skýr þegar konur eiga í hlut. Kvenlíkaminn á að vera sléttur og felldur og konan mjúk og hrein. Konur sem ekki snyrta líkamshár eru álitnar óhreinar, latar, femínistar eða jafnvel lesbíur. Samkynhneigðar konur eru ekki undir sömu pressu að fjarlægja líkamshár til að laða til sín karla en margar gera það samt til að koma til móts við kröfur samfélagsins (Dines, 2010; Toerien og Wilkinson, 2003).

## Kynfræðsla

Rannsóknir á kynfræðslu hérlendis og erlendis benda til þess að ýmislegt megi gera betur þegar kemur að innihaldi, magni og gæðum fræðslunnar. Könnun hér á landi meðal 16 ára ungmenna árið 2008 leiddi í ljós að lítil sem engin þekking var á ýmsum grunnatriðum sem tengjast kynlífi og margs konar hugmyndir uppi sem ekki áttu sér ekki stöð í raunveruleikanum. Tveir þriðju svarenda töldu eðlilegt að stunda kynlíf fyrir 16 ára aldur og margir töldu mikilvægt að stunda kynlíf með mörgum yfir ævina. Flest töldu ungmennin þörf á meiri kynfræðslu í skólakerfinu (Kolbrún Gunnarsdóttir o.fl., 2008). Samkvæmt rannsókn Salvarar Sæmundsdóttur (2018) upplifðu bæði nemendur og kennarar að verulega mætti bæta kynfræðslu í skólakerfinu. Viðmælendur hennar bentu m.a. á að börn og unglingar fengju ýmsar misgóðar hugmyndir og upplýsingar um kynlíf í gegnum dægurmiðla og klám og því væri mikilvægt að veita þeim góða og vandaða fræðslu í skólanum. Kennararnir sem hún ræddi við töldu um tímaleysi og skort á góðu fræðsluefni sem hindrun auk þess sem þeir töldu að ekki allir kennarar gætu eða ættu að sinna kynfræðslu. Þeir ræddu einnig mikilvægi þess að fræðarar væru meðvitaðir um þá karlmennsku- og kvenleikapressu sem skapaði strákum og stelpum ólík forréttindi og takmarkanir þegar kæmi að kynverund. Ungmennin í rannsókninni töldu stelpur og stráka ekki alltaf fá sömu kynfræðslu og að stelpum væri oftár bent á neikvæðar hliðar kynheilbrigðis, s.s.

ótímabærar þunganir, kynsjúkdóma og blæðingar á meðan strákar fengju frekar umræðu um samfarir og sjálfsfróun (Salvör Sæmundsdóttir, 2018). Ef litið er til baka virðast þessar ólíku áherslur til kynjanna hafa verið lengi undirliggjandi í kynfræðslu, jafnt hérlendis sem erlendis.

Í bandarískri könnun frá 1988 kom í ljós að í kynfræðslu voru stelpur settar í hlutverk fórnarlamba, kennt að gæta þess að verða ekki ófrískar, fá ekki kynsjúkdóma og láta strákana ekki nota sig (Fine, 1988). Gengið var út frá því að allir nemendur væru gagnkynhneigðir, að strákar væru kynferðislegir gerendur og stelpur óvirkar. Stelpur virtust hvorki hafa kynferðislegar þrjár og langanir né gátu þær átt frumkvæði að kynmökum.

Skortur er á markvissri stefnumótun í kynfræðslumálum almennt á Íslandi og yfirsýn er lítil sem engin um hvað er í boði. Ekki hefur verið lagt sérstakt mat á aðgerðir, en margt bendir til að þrátt fyrir að sums staðar sé kynfræðslu vel sinnt sé enn víða pottur brotinn og fræðslu ekki sinnt sem skyldi (Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, 2009; Sóley S. Bender, 2006a). Sóley S. Bender (2006b) telur að ungt fólk fái misvísandi skilaboð um kynlíf og kynheilsu á netinu, t.d. varðandi ábyrga kynhegðun. Sóley telur mikilvægt að veita unglíngum góða kynfræðslu þar sem hægt sé að ræða um og vinna með hin misvísandi skilaboð. Í klámi þrífst valdaójafnvægi milli kynjanna og Aapola og félagar (2004) telja hættu á að unglíngar færi valdamisræmið yfir á sitt eigið kynlíf. Því sé mikilvægt að veita markvissa kynfræðslu sem innihaldi m.a. viðeigandi fræðslu um klám.

## Aðferðir og gögn

Rannsóknin byggist á einstaklings- og rýnihópaviðtölum í anda eigindlegra rannsókna (Hennink, Hutter og Bailey, 2011; Sigríður Halldórsdóttir, 2013). Tekin voru hálfstöðluð viðtöl við 11 stráka sem hafa náð 18 ára aldri og eru nemendur í framhaldsskólum, þar af fjögur einstaklingsviðtöl og tvö rýnihópaviðtöl með fjórum viðmælendum annars vegar og þremur hins vegar. Í rýnihópaviðtölum voru nokkrir viðmælendur saman komnir sem bjuggu að sameiginlegri reynslu eða komu úr sama hópi (Sóley S. Bender, 2013). Reynt var að ná fram góðum umræðum um viðfangsefnið og fá fram sjónarmið sem flestra fremur en að reyna að komast að einni sameiginlegri niðurstöðu (Hennink o.fl., 2011).

Hugmyndin að baki valinu á hópnum er að þessir strákar hafi öðlast reynslu af félagslífi í sínum framhaldsskóla og geti lagt eigið mat á þá kynlífsmenningu sem ríkir meðal ungs fólks á þessum aldri. Strákarnir koma úr 10 mismunandi skólum á höfuðborgarsvæðinu og utan þess, en það var gert til að fá sem fjölbreyttasta sýn þar sem skólarnir eru misstórir og ólíkir. Hópurinn er því tilgangsrúttak (e. purposive sampling) þar sem markvisst er leitað að þátttakendum sem hafa beina reynslu og þekkingu á því efni sem rannsaka á (Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir, 2013). Fyrirspurn var send inn á lokaða fésbókarsíðu framhaldsskólakennara þar sem rannsóknin var kynnt, auk þess sem kennarar voru beðnir að senda tillögur um nemendur sem gætu haft áhuga á að taka þátt og sýnt að þeir væru óhræddir við að tjá sig. Á grundvelli þessa voru rýnihópar valdir og viðtölin skipulögð. Til þess að viðmælendurnir væru ekki einungis nemendur sem gætu talist úrval kennara voru tveir viðmælendur fengnir gegnum eigin tengsl. Þátttakendur eru á aldrinum 18–21 árs, fimm þeirra eru í föstu sambandi. Ekki var sérstaklega spurt út í kynhneigð og engin ein kynhneigð var forsenda fyrir þátttöku enda var ekki verið að spyrja út í kynlífsreynslu þátttakenda heldur hvernig þeir upplifðu kynlífsmenningu meðal jafnaldra sinna. Flestir viðmælendanna deildu þó eigin reynslu og þar á meðal kom fram að einn viðmælendi hafði reynslu af því að stunda bæði samkynja og gagnkynja kynlíf. Viðmælendurnir koma úr sjö skólum á höfuðborgarsvæðinu og þremur skólum utan höfuðborgarsvæðisins. Sumir viðmælendanna deildu reynslu sinni af því að hafa tekið þátt í umræðu um efnið í kynjafræðitímum í framhaldsskólanámi sínu en árið 2018 bauð 21 framhaldsskóli upp á slíkt nám.

Viðtölin fóru fram á tímabilinu nóvember 2015 til mars 2017. Viðmælendur voru upplýstir um tilgang rannsóknarinnar og rétt sinn til að hætta þátttöku eða neita að svara einstökum spurningum. Þeim var heitið trúnaði og gefin gervinöfn í umfjölluninni. Virðing og traust voru

höfð að leiðarljósi í framkomu og samskiptum við viðmælendur svo ekki hlytist skaði af þátttöku. Þar sem kynlíf er málefni sem einhverjum gæti þótt erfitt að ræða um, lögðu rannsakendur sig fram við að skapa þægilegt andrúmsloft. Viðtalsrammi var hafður til hliðsjónar en hann tók breytingum í ferlinu eftir því sem gögnin gáfu tilefni til. Þegar á gagnaöflun leið vöknudu nýjar spurningar sem fyrstu þátttakendur höfðu ekki fengið. Til að þetta gögnin var haft samband við þá að nýju og þær spurningar bornar upp. Viðbrögðin voru góð og var tækifærið jafnframt notað til að bera túlkun gagnanna undir viðmælendur til að auka réttmæti niðurstaðnanna.

Ein af upphaflegum hugmyndum rannsakenda var sú að kyn þess sem tæki viðtölin og stýrði rýnihópaviðtölunum hefði án efa áhrif á svör viðmælenda. Í eigindlegum aðferðum er lögð mikil áhersla á meðvitund rannsakanda um möguleg áhrif stöðu hans og viðmælenda út frá félagslegum breytum líkt og kyni, aldri, kynhneigð, etniskum bakgrunni, fötlun, kynhneigð og fleiru. Í eigindlegri aðferðafræði er því áhersla á að rannsakendur stundi speglun (e. reflexivity) þar sem rannsakandi skoðar stöðu sína í samanburði við þátttakendur rannsóknarinnar, veltir fyrir sér hvernig slíkt geti haft áhrif á hvaða upplýsingar rannsakandinn fær frá viðmælenda og hvernig rannsakandi kann að túlka þessar upplýsingar (sjá til dæmis Blaxter, Hughes og Tight, 2006; D’Cruz, Gillingham og Melendez, 2007; Gerstl-Pepin og Patrizio, 2009; Hammersley og Atkinson, 2002; Horsburgh, 2003). Viðtölin eru tekin af fyrsta og öðrum höfundum. Þorri viðtalanna var tekinn af karlkyns rannsakandanum af ástæðum sem tilgreindar eru hér að framan en fyrir forvitni sakir tók kvenkyns rannsakandinn eitt viðtal og tók þátt í að stýra öðrum rýnihópnum. Þrátt fyrir væntingar rannsakenda um að greina mætti mun á viðmóti og svörum þá gátu þeir ekki merkt slíkt af upptökum eða veru sinni á vettvangi.

Lengd viðtalanna var frá 45–150 mínútur en um klukkustund að meðaltali. Viðtölin voru hljóðrituð og afrituð og er afritaður texti 86 blaðsíður. Í lok hvers viðtals skráðu rannsakendur niður eigin athugasemdir og hugleiðingar um það sem vakti sérstaka athygli hverju sinni. Opinni kóðun var beitt í greiningunni en þar eru gögnin marglesin og ítarlega rýnt í hverja setningu til að koma auga á þemu og tengingar. Að því loknu var markvissri kóðun beitt þar sem dýpra var kafað í þau þemu sem komu oftast fyrir í opnu kóðuninni (Charmaz, 2006). Þannig var leitað eftir mynstrum og þemum, sameiginlegum upplifunum og skilningi, sem og því sem greindi þátttakendur að. Með slíkum samanburði birtust smám saman þau þemu og undirþemu sem eru uppistaðan í niðurstöðum rannsóknarinnar.

## Niðurstöður

Niðurstöðum rannsóknarinnar má skipta gróflega í nokkur meginþemu en þau eru: Að missa sveindóminn, að deila reynslunni, að vera ávallt reiðubúinn, útlitskröfur, kynfæri og hárvöxtur, áhrif samfélagsmiðla og áhrif kláms. Þegar komið er á framhaldsskólaaldur fer kynferðisleg reynsla að skipta máli. Þrýstingur á að stunda kynlíf kemur fram bæði beint og óbeint. Töluvert er talað um kynlíf innan veggja skólans og í vinnuhópum. Viðburðir sem skipulagðir eru í kringum skólann eða með vinnuhópnum eru iðulega með kynferðislegu ívafi þar sem kynlífsreynsla eða reynsluleysi er miðpunktur athyglinnar. Erfitt getur verið að búa yfir lítilli reynslu og geta því ekki tekið þátt í umræðum eða slíkum viðburðum. Í ummælum viðmælenda sem tengjast þemunum hér á eftir eru kynferðisleg reynsla og þrýstingur eins og rauður þráður.

### Að missa sveindóminn

Flestir viðmælendur gerðu í fyrstu lítið úr því að þrýstingur væri á að stunda kynlíf eða að missa sveindóminn. Þegar á leið kom þó í ljós að sú pressa hefði sannarlega verið til staðar. Þeir gáfu þá skýringu að ef til vill væri pressan á að stunda kynlíf talin það eðlileg að viðmælendur gerðu sér varla grein fyrir henni fyrir en þeir færu að gefa henni sérstaklega gaum. Á sama tíma og margir telja einstaklingsbundið hvenær fólk telur sig tilbúið að byrja að stunda kynlíf birtast hvarvetna skilaboð um að það sé „undarlegt“ að vera ekki búinn að stunda kynmök þegar líður á

framhaldsskólann. Því er stigvaxandi þrýstingur á að „ljúka af“ fyrstu samförunum eftir því sem viðkomandi verður eldri. Þessar hugmyndir eru eitt dæmi um þá skyndikynnamenningu sem fræðimenn hafa lýst (Bogle, 2008; Kimmel, 2008). Arnór lýsir þessari pressu á eftirfarandi hátt:

Klárlega sko [svar án þess að hika] sérstaklega einn góður vinur minn, hann fann alveg fyrir mjög mikil, það var mjög mikil pressa af því hann var alveg, það var ekkert að stoppa hann beint frá því að missa sveindóminn, ég meina hann var bara hreinn þangað til 18 ára og þú veist í fyrsta bekk var það allt í lagi, í öðrum bekk þá var svona aðeins farið að vera óþægilegt og hann var sjálfur svona aðeins farinn að gera grín að því en síðan þegar hann var kominn í þriðja bekk þá var alveg, ég held að þetta hafi alveg verið farið að taka sinn toll hjá honum. En síðan loksins kom þetta hjá honum ...

Fréttin er fljót að berast og þykir tilefni til hróss. Daði segir frá því að í vínahópnum hafi það þótt góð hugmynd að setja fréttatilkynningu í skólablaðið um að hann hefði „loksins“ misst sveindóminn. Þarna skiptir hópurinn miklu máli, ef flestir byrja snemma að stunda kynlíf er meiri pressa á að aðrir fylgi með. Nær allir viðmælendanna segjast hafa stundað kynmök í fyrsta sinn í grunnskóla. Aðrir fundu fyrir aukinni pressu að byrja eftir að þeir voru komnir í framhaldsskóla, enda almennt gengið út frá því að flestir hafi þá þegar kynferðislega reynslu. Þrýstingur hópsins er mikill jafnvel þótt hann sé óbeinn. Að stunda kynlíf með öðrum aðila í fyrsta sinn snýst því ekki síður um að verða fullgildur meðlimur hópsins en um kynlífið sjálft. Brynjar segir frá því hvernig hann hafi upplifað mikinn þrýsting að stunda kynlíf sem hafi haft mikil áhrif á hann. Eftir að hafa misst sveindóminn endurtók hann þó ekki leikinn fyrr en mörgum mánuðum síðar.

Já, einmitt. Mest bara fyrir forvitni sakir og þá svona fattaði maður að svona „já, ekki strax“ og eitthvað svona. Maður sér það núna, þegar maður veit meira, er svona aðeins reyndari um lífið að þetta var allt of snemmt sko. Þetta var bara svona pressa, maður þurfti bara að gera þetta til að vera búinn, maður þurfti bara að klára þetta og þá svona hættu menn að böggja mann yfir þessu sko.

## Að deila reynslunni

Kynlíf virðist vera vinsælt umræðuefni og nefna nokkrir viðmælendanna að sambönd og samfarir skólafélaganna sé eitt helsta umræðuefnið í skólanum. Umræðan er yfirleitt á yfirborðskenndum nótum eins og hver svaf hjá hverjum og stundum fylgja einhver lýsandi dæmi um hvað var gert. Þetta virðist fyrst og fremst koma frá stráku og í flestum tilvikum í óþökk stúlkanna sem eru hinn aðilinn. Upplýsingarnar dreifast hratt meðal hópsins. Á meðan strákarnir sækjast meðvitað og ómeðvitað eftir viðurkenningu frá hópnum vilja stelpurnar þóknast strákunum. Sem dæmi um það má nefna endaðarmsmök, strákarnir vilja geta sagt strákahópnum frá því að þeir hafi prófað þau en stelpur gera það til að gleðja stráka af því að strákana langar svo að prófa. Vegna þrýstings leitast stelpur við að uppfylla þarfir og langanir strákanna óháð eigin löngunum (Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, 2015).

Leikurinn „Ég hef aldrei“ er vinsæll drykkjuleikur og er hann leikinn við ýmis tækifæri svo sem í nýnemaferðum, bústaðarferðum og partýum fyrir böll. Áfengi er bannað á framhaldsskólaböllum og því reyna nemendur að drekka hratt og mikið fyrir böllin. Leikurinn er nær undantekningarlaust kynferðislegur. Hann fer þannig fram að allir sitja í hring með drykk í glasi og einhver einn byrjar á frásögninni „Ég hef aldrei...“ (t.d. sofið hjá í tjaldi). Eiga þá þau sem hafa gert viðkomandi hlut að taka sopa af sínum drykk og svo koll af kolli. Með því að taka sopa sýna þátttakendur hvað þeir hafa prófað og hvað ekki. Með þessu eru tvær flugur slegnar í einu höggi, að drekka áfengi og fá tækifæri til að ræða um kynlíf. Viðar segir að unglingar séu almennt forvitnir hver um annan og bæði langi til að segja frá og hlusta á aðra. Þau sem hafa mikla reynslu eru almennt spenntari fyrir leiknum en hin sem enga kynferðislega reynslu hafa. Arnór segir leikinn mjög skemmtilegan og segist vera „mjög góður í honum“ en áttar sig á að það eigi ekki við um alla:



[J]á það er líka einn vinur minn sem hefur ekki gert neitt svona bara, þú veist hann er jafnaldri minn og hefur ekki gert neitt svona en honum finnst mjög leiðinlegt að fara í þennan leik af því að hann tekur aldrei þátt. Þá bara „Nei ég hef ekki gert neitt, mig langar ekki að vera með“ og það er mjög leiðinlegt fyrir hann því að þá er hann svo útundan.

Eftir því sem líður á leikinn og áfengisdrykkjan verður meiri verður leikurinn grófari. Áhrif hópsins eru sterk og erfitt að falla ekki inn í hópinn. Ef flestir aðrir hafa prófað tiltekna athöfn/tiltekinn hlut finnst hinum að þau eigi líka að vera komin með þá reynslu. Leikurinn er einnig stundaður til að stríða ákveðnum einstaklingum, sérstaklega þeim sem hafa mikla reynslu eða reynslu sem fáir hafa. Þá er eitthvað nefnt til þess að sjá þennan eina taka sopa. Enda þótt þetta sé sett fram í gríni er þetta aðferð til að draga fram hvar mörkin liggja og hver hefur stigið yfir línuna. Leikurinn er samkvæmt viðmælendum í rannsókninni leikinn í hópum þar sem fólk þekkist nokkuð vel, enda þess eðlis að ákveðið gruntraust verður að vera til staðar. Ekki lítur vel út að vera reynslulaus kynferðislega í svona leik og því töldu viðmælendurnir að þátttakendur segðu ekki alltaf satt, betra væri að segja ósatt en að ljóstra upp um reynsluleysi sitt. Það er vandræðalegt að hafa ekki reynslu af kynlífi og sjálfgefið að strákar eigi að hafa áhuga á að stunda sem mest af því og með sem flestum.

Þegar stelpurnar eiga í hlut ríkir hins vegar tvöfalt siðgæði. Þær sem hafa fjölbreytta kynlífsreynslu leitast við draga úr þegar þær segja frá, annars bíður drusluskömminn handan við hornið (Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, 2015). Þegar Viktor ber saman mikla kynlífsvirkni stráka og stelpna segir hann: „Það er bara himinn og haf, svart og hvítt sko. Ef þú ert strákur, þá ertu kóngur, þá ertu aðalkallinn sko. Ef þú ert stelpa þá ertu bara lítilsverð drós. Bara búin að, bara auðveld þú veist. Það er ekki eftirsótt orðspor hjá stelpum.“ Brynjar tekur undir og segir:

Já hann er ofsalega mikill töffari af því að hann hefur kannski, segjum bara hann hefur farið heim með 10 stelpum, en þessi stelpa sem hefur sofið hjá hún er bara drusla, eða ekki drusla, það er búin að gera það að ekki svo slæmu, hún er bara hóra af því að hún hefur farið heim með 10 strákum.

Hugtökin kóngur, aðalkallinn, töffari, drós, drusla og hóra endurspeglar valdatengslin í kynlífsmenningunni. Í máli strákanna kemur fram að stelpurnar beri þarna nokkra ábyrgð sjálfar, þeir telja að þær stelpur sem sofa hjá mörgum hljóti að eiga við einhver vandamál að stríða og eins og Atli orðaði það, ættu við „vandamál varðandi sjálfsvirðingu“ að stríða. Enda þótt sumir strákanna álíti það ósanngjarnt að stelpur og strákar séu dæmd á ólíkan hátt fyrir sömu hegðun átta þeir sig ekki eigin hugmyndum um að það sé á ábyrgð stelpnanna að gæta að orðspori sínu, eins og eftirfarandi orð Viktors bera með sér:

...kannski ekki eins svona greind ... mikinn áhuga á útlitinu sínu og það endar bara þar. Svona stelpur sem hafa bara áhuga á að hanga í símanum sínum heldur en að lesa einhverjar uppbyggjandi bækur eins og já. En þetta er aðallega, en ég vona, ég vil trúá að þær eigi eftir að þroskast meira.

## Að vera ávallt reiðubúinn

Sterkar hugmyndir eru uppi um að strákar eigi alltaf að vera „til í tuskið“ og hafa ótakmarkaðan áhuga á kynlífi. Strákar sem neita kynlífi mæta skilningsleysi og undrun. Arnór segir til dæmis: „[S]trákurinn segir stopp þá er það bara fáránlegt. [...] öðrum strákum finnst það mjög skrítið.“ Vinir Viktors létu hann finna að hann væri að brjóta óskrifðar reglur þegar hann afþakkaði kynlíf: „Það var einu sinni hneykslast mjög mikið á mér af því að ég vildi ekki sofa hjá einni stelpu. Og það var alveg bara „gaur hún vildi alveg ríða þér, hvað varstu að hugsal!“ Sumir strákanna hafa rætt þessa pressu við vini sína, að þeim finnist þessar hugmyndir þreytandi en að þeir láti þó til leiðast til þess að valda ekki bólfélaga sínum vonbrigðum. Arnór heldur áfram:

[S]érstaklega ef þú átt kærustu og þið eruð mjög oft að sofa saman og kannski svona eitt af hverjum fimm skiptum þá bara nennir þú því ekki neitt. En þú veist, maður vill bara gera það, þú veist fyrir hana. En síðan nær þetta ákveðnum tímamarki að þetta verður kannski þínu þreytt.

Einn fylgifiskur þess að eiga alltaf að vera reiðubúinn fyrir kynmök er frammistöðukvíði. Strákarnir höfðu áhyggjur af því að geta ef til vill ekki fengið reisin þegar á hólminn væri komið, því myndu fylgja vonbrigði bólfélagans og skömm fyrir þá sjálfa. Þeir þekktu til stráka sem ganga með stinningarlyf á sér til þess að geta verið öruggir með að ná reisin, ekki síst ef þeir eru drukknir. Einfalt er að nálgast slík lyf í gegnum samfélagsmiðla. Í útskriftarferðum virðast allar hömlur settar til hliðar og gefa þær tilefni til þrýstings og kvíða. Í hugum viðmælendanna eru ferðirnar að miklu leyti orgía áfengis og kynlífs. Framhjáhöld þykja ekki tiltökumál og það veldur sérstökum kvíða hjá þeim sem eru í samböndum að vita af kærasta eða kærustu sinni í útskriftarferð með skólafélögum sem bera ekki virðingu fyrir sambandinu.

## Útlitskröfur

Viðmælendum varð tíðrætt um útlitsdýrkun og fegurðarstaðla samfélagsins. Hugmyndir um útlitsstaðla eru kynbundnar og ákveðinn tvískinnungur til staðar. Viðmælendum reynist auðvelt að nefna hvað stelpur þurfi að uppfylla til þess að vera taldar fallegar en þegar kemur að útlitsstöðlum fyrir stráka verður færra um svör, þeir staðlar eru óljósari eða ekki til staðar. Valgeir nefnir að strákum sé jafnvel fyrirgefin „dauðasyndin“ að vera feitur: „Þú veist, jafnvel þybbnir strákar geta verið alveg hérna mjög öflugir í félagslífinu og hjá hinu kyninu.“ Þeir þurfi þó að vera snyrtilegir til þess að teljast frambærilegir. Þá telja viðmælendur að stelpum finnist eftirsóknarvert að strákar hafi vöðvastæltan líkama án þess að það sé skilyrði fyrir því að þykja eftirsóknarverður. „Stelpurnar tala nú alltaf um sixpack sko, en það það skiptir ekki öllu“ segir Viktor.

Aðspurður hvort útlitskröfur séu til staðar í umhverfinu svarar Viðar: „Já, annars myndi Tinder ekki virka [hlær]. Það er alltaf á þessum aldri allavegana, þá skiptir útlit bara stjarnfræðilegu máli.“ Á sama tíma og viðmælendur segja að fegurð sé afstæð og ekki endilega ein tegund af fegurð fyrir alla virðast ákveðnir þættir vera nær algildir í þeirra huga varðandi útlitskröfur til stelpna. Þær mega ekki vera feitar og verða að hafa „fallegt andlit“. Til þess að teljast „heit“ þá bætast við fleiri útlitskröfur, svo sem að hafa stóran barm, mjótt mitti og stóran rass. Öllum er ljóst að fyrirmyndirnar koma úr klámi. Viktor lýsir eftirsóknarverðri stelpu sem mjórri og „fit“ og bætir við „mögulega [er] klám að gera staðalmynd fyrir mann með því að segja að þetta sé flott.“ Viktor bendir á að viðbrögð vinanna breytist í takt við útlit hjásvæfunnar:

[...] ef ég myndi sofa hjá þessari þá væri það bara já „Vel gert, djöfull er ég stoltur af þér“ en ef ég myndi sofa hjá einhverri sem er kannski eitthvað smá chubby eða eitthvað þá væri það „gaur, sjött maður, það eru allir að tala um þetta“, bara eins og maður hafi kveikt í húsinu sínu, bara verst í heimi.

Sumir telja þó að það séu stelpurnar sjálfar frekar en strákarnir sem geri óraunhæfar kröfur um útlit sitt og beri sig saman við staðalmyndir úr klámi. Arnór segir til að mynda: „Stelpur kannski hafa miklar áhyggjur af því að vera ekki með nógu stór brjóst miðað við það sem sést í kláminu“.

## Kynfæri og hárvöxtur

Útlitskröfurnar ná ekki einungis til ytri ásýndar heldur einnig persónulegri atriða eins og líkamshára sem virðist eiga að temja með rakstri. Flestir viðmælendur kannast við þá pressu að líkamshár séu snyrt enda þótt umdeilt sé hvort einungis eigi að raka kynhárin eða fleiri líkamshluta. Flestir virðast telja að hár í einhverju magni sé í lagi meðan það er snyrt. Brynjar segir: „Ég raka mig ekkert það mikið, ég er alveg loðinn hérna niður [bendir á bringuna] og það

er alveg bara skegg og allt það sko, en ég snyrti það alveg sko og meðan ég er ekki subbulegur að þá bara „svona lít ég út.“<sup>4</sup> Sem dæmi um þrýsting má nefna að þeir sem ekki eru snyrtir að neðan eiga á hættu að fá augngotur í sundi og jafnvel hressilega athugasemd skólafélaga í sturtuklefanum ef kynhárin þykja vera komin út fyrir velsæmismörk. Enda þótt strákarnir séu tregir að tengja rakstur kynhára við kynlíf birtist það í gegnum orð þeirra. Arnór segir til dæmis:

Ég held samt alveg að stelpur myndu ekki flá að vera með einhverjum sem væri bara alveg kaffloðinn sko. Ég held að þú veist, ef þú sérð einhvern sem er bara kaffloðinn þá er það bara merki um að hann er bara sveittur gæi. [Hlær]. Þá er hann með sveittan pung.

Kynfærahár virðast vera tengd við óþrifnað, ólykt og subbuskap og margir nefna að þau stingi. „Subbulegt“ er orð sem kemur ítrekað upp og ljóst að mikið hár er tengt við lykt. Brynjar segir til dæmis: „Sko það er bara svona orðið ekkert endilega tengt kynlífi [fær undirtektir frá öðrum í rýnihópnum]. Þetta er orðið bara svona menningin sko, meira bara svona hreinlæti og lykt og slíkt.“ Á sama tíma og viðmælendur vilja ekki tengja kynháarakstur við kynlíf heldur almenna umhirðu kemur engu að síður fram að þetta tengist. Arnór segir: „En flestir strákar raka sig, eða allavega þeir sem eru að fara að stunda kynlíf að einhverju viti, eða þú veist reglulega.“ Brynjar heldur áfram og lýsir hvernig raksturinn virðist tengjast stærð getnaðarlímsins:

Þetta er svona plús en ekki eitthvað svona must, það er kannski eitthvað svona confident boozt eða svona, hann lítur út fyrir að vera stærri eða eitthvað svona eða þúst, maður lítur út fyrir að vera minna subbulegur eða eitthvað, what ever, en þetta er ekkert must sko.

Strákarnir nefna tvennt sem kveikti hugmyndir þeirra um að rakstur kynfæra, klámið og þættirnir Mannasiðir Gillz.<sup>2</sup> Margir nefna að þeim finnist uppruni hárleysis á kynfærasvæðinu varhugaverður, tengingin við klám og barnagirnd „...kemur úr klámiðnaði upp á að láta þær lúkka yngri og eitthvað svona“ segir Arnór. Viktor segir um áhrif Gillz: „[E]ins og í Mannasiðum Gillz þá var bara regla hjá honum að þú verður að raka þig og mín kynslóð var að horfa á þetta þegar við vorum 12 ára skilurðu og þaðan fékk ég hugmyndina.“ Þetta virðist skipta töluverðu máli og að það valdi strákum áhyggjum af lykt og óþrifnaði að fara heim með konu sem hefði loðið klot. Þó væri hægt að stunda kynlíf í ákveðnum stellingum þar sem hárvöxturinn væri ekki hamlandi, eða eins og Ari nefnir, að stinga upp á sameiginlegri sturtuferð þannig að lykt og óþrifnaður væri ekki að trufla. Munnmök og skapahár eru ekki talin eiga saman og ástæðan er lykt og hár sem gæti farið upp í kok eða fest milli tanna. Sumir telja að rakstur kynfærahára hætti eftir að fólk fer í samband. Þá kom fram að stelpur sem byggju yfir miklu sjálfstrausti þyrftu ekki að hafa eins mikið fyrir því að raka sig og þannig virðist sjálfstraustið eiga að gefa stelpum kjark til að vera eins og þær eru, og það þótti sumum viðmælendum eftirsóknarvert. Þó er ljóst að þau sem ekki fylgja hárlausu kröfunni eiga á hættu að fá að finna fyrir því með slæmu umtali og upplifa jafnvel höfnun og niðurlægingu.

## Samfélagsmiðlar

Samfélagsmiðla bar mikið á góma, einkum Facebook, Instagram, Snapchat og Tinder, og þátt þeirra í að miðla útlitskröfum. Viðmælendur telja að fólk búi til ákveðna ímynd af sér á samfélagsmiðlum sem eigi að sýna viðkomandi í sem eftirsóknarverðastri stöðu. Tinder er fyrst og fremst stefnumótaforrit þar sem notendur innan ákveðins radiuss geta skoðað myndir hverjir af öðrum og sýnt áhuga á kynnum. Þeir sem sýna gagnkvæman áhuga eru tengdir saman og geta spjallað saman á rafrænan máta. Sumir nefna að virkni forritsins stuðli að ofuráherslu á útlit. Brynjar kemst svona að orði:

Ég sko, ég held að það sé algjör hræsni að reyna að finna kærustu þarna inni á Tinder. Þú veist ef maður er að leita að einhverju meira en bara útliti þá er bara, þú veist, þetta byggir á því að þú finnur manneskju sem lítur vel út, þess vegna er svolítið hræsni að vera þarna að leita að manneskju með eitthvað gott hjartalag eða eitthvað svona. Síðan kannski bara „nei þessi er of ljót“ eða „þessi er heit“ eða eitthvað svona.

<sup>4</sup> Gillz er hugarfóstur Egils Einarssonar sem hefur gefið út fjórar bækur, sjónvarpsþáttaröð og kvikmynd þar sem ungum körlum eru lagðar líurnar um hvernig eigi að vera „alvöru karlmaður.“ Ásta Jóhannsdóttir og Kristín Anna Hjalmsdóttir (2011) hafa greint boðskap Gillz og áhrif hans.

Viðmælendur telja einnig að myndirnar sem fólk notar af sér á prófílum samfélagsmiðla gefi gjarnan misvísandi mynd. Daníel virðist líta á þetta sem einhvers konar vörusvik:

Það er svo mikið af stelpum sem breyta af sér myndum og svona, á öllu þessu. Eins og vinur minn var einu sinni að segja við mig, hann sá stelpu á Facebook og hann bara, já, var yfir sig hrifinn en svo bara sá hann stelpuna og þá bara... eeeh, nei. Þú veist [...] það var allt, allt önnur manneskja en hann sá á Facebook.“

Þessháttar „vörusvik“ eru hluti af þeim heimi sem notendur nostra við að búa til og viðmælendurnir tala um á neikvæðan máta. Á sama tíma viðurkenna þeir að skoða Facebook-síður hjá fólki sem þeir hafa áhuga á og að myndirnar skipti verulegu máli. Brynjar segir: „Þetta er orðið ótrúlega mikið svona að ef manneskjan á að vera kandídat þá þarf myndin að vera góð og flott og hún þarf að vera vel metin sko, þú veist...“ Að vera „vel metin“ merkir að fá mörg „like“ og skiptir þar litlu hvort viðkomandi er strákur eða stelpa.

Samfélagsmiðlar eru einnig notaðir til þess senda nektarmyndir á milli einstaklinga. Aðallega eru það strákar sem kalla eftir myndum af stelpum en Baldur segist þó hafa heyrt um stelpur sem sækjast að fyrra bragði eftir nektarmyndum frá strákum: „...ég hef heyrt einhverjar sögur um það að stelpurnar hafi algjörlega haft frumkvæðið að svona, skilurðu skilaboðum [...] eitthvað svona „plís nennir þú að senda mér mynd af þér berum að ofan.“ Í rannsókn Kolbrúnar Hrunnar Sigurgeirsdóttur á upplifun framhaldsskólastelpna á kynlífsmenningu (2015) kemur fram að stelpur séu undir miklum þrýstingi að senda af sér nektarmyndir, og að þá kynferðislegu tjáningu megi í einhverjum skilningi líta á sem daður eða leit að viðurkenningu frá strákum. Þar, eins og í fleiru, þurfi stelpur þó að feta ákveðið einstigi. Þær eigi að vera kynþokkafullar og til í að prófa allt en á sama tíma líta út eins og hreinar meyjar eða smástelpur án líkamshára. Þær eigi að senda af sér nektarmyndir og leika eftir klámatriði, en megi ekki sofa hjá of mörgum strákum því þá þykja þær hafa gengið of langt og fá á sig druslustimpilinn (Kolbrún Hrunn Sigurgeirsdóttir, 2015).

## Áhrifamáttur kláms

Klám virðist hafa töluverð áhrif á hugmyndir ungra karla um kynlíf. Viðmælendur telja klám vera eðlilegan hluta af dægrastyttingu ungs fólks og þeir segja „ótrúlega viðurkennt“ að horfa á klám. Í umræðu um Norðurlandamet íslenskra drengja í klámáhorfi, sem nefnt er hér að framan, segir Viktor: „Ég verð nú að segja að flestir sem ég þekki horfa á klám alveg daglega. Þannig að við getum örugglega slegið þetta met.“ Viðmælendur telja að klámáhorf byrji mjög snemma hjá strákum, jafnvel 11-12 ára. Nokkrir rifjuðu upp að í grunnskóla hefði verið algengt að opna klámsíður í tölvutímum til að stríða bekkjarfélögum eða stuða kennarann. Vinir virðast oft mana hver annan til að kíkja á klámsíður og þegar strákar byrja að stunda sjálfsfröun leita þeir í klámið eftir örvun. Viðmælendur voru almennt sammála um að strákar leiti sér upplýsinga um kynlíf í klámi, fái hugmyndir og finni hvar mörkin liggja. Um þetta segir Brynjar:

Algerlega, já eða það svona já flestir. Það snýr að svona fyrstu, eða hvernig þetta fer fram og þú veist, ég vissi ekki einu sinni hvernig þetta fór fram áður en ég byrjaði að horfa á klám sko. [...] já, og svona kannski oft svona bara hugmyndaflæði, maður fær svona hugmyndir og svona kannski, maður oft svona kannski, maður fer alltaf svona í grófara og grófara eða finna svona „okey þetta er ógeðslegt“ og þá þarf maður að fara til baka og svona, maður er svona að prófa sig áfram og sjá hvað manni finnst um hvað.

Fram kom að þör skoði klám saman til að fá hugmyndir en flestir eru sammála um að það sé á forsendum strákanna en ekki stelpnanna, eins og Elías bendir á: „Meira hjá strákum heldur en stelpum sko, ég held að strákar séu meira svona að fantasera hvað er að gerast í, eða vilja gera það í alvöru, herma eftir gaurunum og svona.“ Aðspurðir hvað það er helst sem stráka langar að prófa úr klámmyndum eru endaðarmök algengasta svárið, auk þess sem minnst er á nýstárlegar stellingar og munnmök. Algengt virðist vera að stelpur gefi strákum munnmök þegar þau eru

ung og óreynd kynferðislega, eða þegar um einnar nætur gaman er að ræða, en strákar gefi stelpur munnmök þegar þau hafa öðlast meiri reynslu. Endaþarmsmök virðast vera einhvers konar skylduboð sem haka þarf við rétt eins og fyrsta skiptið. Sú athöfnin snýst því meira um að hafa prófað og geta sagt frá því en að hafa áhuga eða ánægju af því. Ari telur reyndar að nýjabrumið sé farið af endaþarmsmökum og varla taki því að minnast á þau: „...ég held að það sé meira bara ekkert minnisstætt af því að þetta er svolítið, eða þetta er orðið það vinsælt að þetta er ekkert svona...“ Enda þótt stelpur horfi einnig á klám er það í umtalsvert minna mæli en strákar (sjá umfjöllun um klámnotkun hér að framan). Það kemur flestum strákanna á óvart að stelpur horfi á klám og sumir þeirra lýsa jafnvel áhyggjum sínum af því. Ari segir:

Þeir eru kannski orðnir hræddir uh, eða aftur orðnir óöruggir með sig og halda að þær séu að gera þessar væntingar til þeirra... sem er samt það sem strákarnir sjálfir eru að gera, þú veist þessar væntingar til stelpnanna og öfugt, út af kláminu. Strákarnir eru hræddir við að þetta komi í bakið á þeim, en ég veit það ekki.

Arnór óttast að stelpur fari að krefjast þess að strákarnir uppfylli þær útlits- og frammistöðukröfur sem þær hafa séð í klámi og að strákar telji sig ekki færa um að uppfylla þessar kröfur. Hann tekur tuppastærð sem dæmi og segir um hana:

Þú veist, ímyndum okkur að allar stelpur myndu byrja líka að horfa á klám í 7. bekk og væru búnar að horfa á klám á fullu í fjögur ár og síðan koma þær í menntaskóla og eru að fara að missa meydóminn og þá skilja þær ekki neitt í þessu, þá finnst þeim þetta ekki venjulegt og verða bara fyrir vonbrigðum.

Hann er meðvitaður um að strákar setja gjarnan kröfur á stelpur að þær uppfylli væntingar stráka úr klámi og veit að þær eru ósanngjarnar og óraunhæfar. Margir viðmælenda eru einnig meðvitaðir um hlutgervingu kvenna í klámi. Brynjar telur að birtingarmyndir kynjanna í klámi séu ein ástæða minna klámahorfs hjá stelpum: „Það gæti svo sem verið af því að í svona klámi þá eru konur oft, eða svona í 99,9 prósentum af svona klámi eru konur hlutgerðar eða niðurlægðar þannig að það er kannski alveg eðlilegt að konur séu ekki sérlega spenntar að horfa á svoleiðis.“ Undir þetta tekur Ari: „Þetta er alltaf gert fyrir karlmenn, þetta er alltaf, maður sér aldrei konuna þú veist ofan á eða þú veist svona biðja um það svona jafnmikið og karlarnir svona, þeir stjórna.“

Það er samhljóma reynsla viðmælenda að kynfræðslan í skólakerfinu sé ófullnægjandi. Sumir hafa nánast enga kynfræðslu fengið en aðrir fræðslu sem þeir telja of litla og ómarkvissa þar sem áherslan hefur verið á líkamann og kynsjúkdóma. Þeir telja að það vanti almennar samræður um kynlíf, tilfinningar og hina félagslegu hlið kynfræðslunnar. Þá hafa þeir sértækar þarfir, t.d. nefnir Arnór fræðslu um frammistöðukvíða sem margir strákar upplifa en ræða aldrei um upphátt. Þeir haldi áhyggjunum fyrir sig, telji sig vera eina um vandamálið og leiti í lausnir eins og stinningarlyf. Hann orðar það svo: „Já ég veit um nokkur dæmi um gæja sem eru bara alltaf með þetta á sér, í veskinu út af því, eða þú veist þeir taka þetta bara alltaf með sér á djammíð. Ef þeir eru kannski fullir að þá virkar hann kannski miklu verr og þannig og þú vilt kannski, já bara standa þig“. Hann telur stráka grípa til þessara lausna vegna skorts á fræðslu. Aðspurður um óskakynfræðslutíma nefnir hann: „Það væri geggjað ef normið væri kannski bara samræður um kynlíf“.

## Umræður og lokaorð

Í upphafi voru eftirfarandi spurningar settar fram: Hver er upplifun ungra karla af kynlífsmenningu og kynlífstengdri orðræðu innan framhaldsskólanna? Upplifa ungir karlar þrýsting til að stunda kynlíf og taka þátt í ákveðnum kynlífsathöfnum? Hvaðan kemur sá þrýstingur og hver er birtingarmynd hans? Hvernig upplifa ungir karlar áhrif kláms og klámvæðingar á menningu framhaldsskólanema? Með hvaða hætti upplifa ungir karlar kynjajafnrétti í kynlífsmenningu framhaldsskólanema?

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að kynlífsmenning innan framhaldsskólanna eins og henni er lýst af viðmælendum er kynjuð og að þar eru kynjuð valdatengsl jafnvel ýktari en á öðrum sviðum samfélagsins (Walby, 1990; Þorgerður Einarsdóttir 2006). Skyndikynnamening (Bogle, 2008; Kimmel, 2008) er útbreitt form samskipta og hin kynlífstengda orðræða fylgir kynbundnu kynlífshandriti (Gagnon og Simon, 1973; Plummer, 2012; Escoffier, 2007). Þrátt fyrir margbreytileika nútímasamfélaga, og í reynd mörg kynlífsandrit, er íhaldssömum hugmyndum haldið að ungu fólki, ekki síst varðandi kynferðislegar væntingar (Tolman og McClelland, 2011). Kynlíf virðist enn vera leikur með mismunandi leikreglum fyrir stráka og stelpur. Kynlífsandrit strákanna gengur út á mikla kynferðislega virkni, að vera ávallt reiðubúinn og deila kynlífsreynslu sem á að vera sem mest. Handrit stelpnanna gefur tvíbent skilaboð, þær eiga vera ungar og óspjallaðar en í senn reyndar, og gjarnan „heitar“ með útlit úr klámi (Dines 2010; Sørensen og Knudsen, 2006). Drusluspillinn er stjórntæki sem aldrei er langt undan eins og hugtökin „kóngur“, „drós“ og „drusla“ bera með sér. Strákarnir eru í gerendum í keppni þar sem stelpur eru kynferðisleg viðföng sem leggja sig fram við að þóknast strákunum og samþykkja kynlífsathafnir, jafnvel gegn eigin löngunum (Aapola o.fl., 2004).

Þegar þessi rannsókn er borin saman við upplifun íslenskra stelpna af kynlífsmenningu framhaldsskólanema (Kolbrún Hrunn Sigurgeirsdóttir, 2015) kemur í ljós að bæði kyn skynja kynlífsmenninguna sterkt og það sem hún felur í sér. Meðal þess eru skýrar hugmyndir um hvenær sé æskilegast að eiga fyrstu kynlífsreynsluna, hversu mikla reynslu þau eiga að hafa á tilteknum aldri, hvernig ungt fólk þarf að líta út og haga sér til að teljast gjaldgengt í kynferðislegum samskiptum. Bæði kyn upplifa þrýsting frá vinahópnum sínum, strákar upplifa þrýsting aðallega frá öðrum strákum en stelpur upplifa þrýsting frá báðum kynjum. Bæði strákar og stelpur eiga sína fyrstu kynlífsreynslu með öðrum vegna utanaðkomandi þrýstings og finnst þau verði að ljúka henni af. Ljóst er að kynlíf er fyrirferðarmikið í daglegu lífi ungs fólks á sama tíma og þau eru illa búin undir að takast á við kynferðismál. Kynfræðslu virðist víða vera ábótavant og hún ekki sniðin að því sem brennur á ungu fólki, svo sem tilfinningum, samskiptum og mörkum, muninum á kynlífi og klámi, og almennri kynheilsu. Það er mikilvægt og brýnt samfélagslegt verkefni að bæta þar úr og huga að kynlífsmenningu sem er raunhæf og uppbyggileg fyrir bæði kyn.

### **Sexual culture from the viewpoint of male college students**

The sexual culture of young people has changed rapidly in recent decades. This article discusses young Icelandic men's experience and perception of the prevailing sexual culture of upper secondary students in Iceland today. We look at this experience through the lenses of sexual health and sexual script and social factors which influence how sexual culture manifests itself. We look especially at the role of hookup culture and porn as well as the effects of sex education, or rather, the lack of sex education. Individual and group interviews were conducted with 11 boys aged 18 to 21 from ten secondary schools in the capital area and beyond.

Results indicate that social pressure has a significant impact on the sexual attitudes and practices of young men who were subjected to a very tangible insistence to have lost their virginity and to be able to participate in casual social interactions where sexual experience is considered normal and lack of that experience is ridiculed. Also, the participants referred to the dominant discourse that men should always be willing to have sex if the opportunity arises. A strong theme in the interviews was about different social standards as to how women should look versus how men should look. Although there was a shared theme on some issues such as shaving of genital areas that most boys and all girls are "supposed to" do, the young men were unequivocal in maintaining that there is a stronger pressure on young women to fulfil certain beauty standards and have a certain desirable body type. The role of social media such as Facebook, Instagram, Snapchat and Tinder was brought up and connected to their perceived increasing focus on unrealistic beauty standards.

All interviewees were in accord that pornography was heavily used by their male peers and if you did not watch porn you were considered abnormal. They spoke frankly on the effects of porn on their sexual imagination and what we consider to be the prevailing sexual script of young people in Iceland. They believe that porn consumption has a negative effect on people's sex lives and that it suggests unrealistic standards about what sex should look like and what can reasonably be expected from your sexual partners. They also knew that porn wasn't real and that it was ridiculous to compare real sex with what was on the screen but nonetheless they could feel the impact of porn on their sexual imagination. Concerns were raised as to what would happen if women started to consume as much porn as men and how that could lead to them evolving unrealistic standards towards their male sexual partners in terms of stamina and body/penis shape and size. The young men believe that different rules apply to the sexual behavior of men and women, and that boys are allowed more in sexual matters. They are also aware that those double standards are quite unfair. Although a large proportion of boys take part in a dominant sexual culture, many of them find the experience problematic and distressing.

When compared to the findings of another research project on what young women in Iceland have to say about their experience and perception of sexual culture, it is clear that both young women and young men have a strong perception of sexual culture and what it entails. Sexual culture is obviously a significant aspect of their lived lives and they are ill equipped to deal with it. The participants in both researches find they have had insufficient sex education which has failed to address motifs that they felt were important, such as emotions, communication, boundaries, the difference between porn and sex, and sexual health in a broad perspective.

**Key words:** Sexual culture, peer-pressure, sexual script, gender order.

## Um höfundana

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir (kolbrun.hrund.sigurgeirsdottir@reykjavik.is) er verkefnisstýra jafnréttismála á skóla- og frístundasviði Reykjavíkur. Hún lauk B.Ed.-gráðu í grunnskólakennarafræðum frá Háskóla Íslands 2006, viðbótardiplómu í kynfræði og MA í kynjafræði frá Háskóla Íslands 2015.

Þórður Kristinsson (thordurk@kvenno.is) er doktorsnemi í menntunarfræðum og kennari við Kvennaskólann í Reykjavík. Hann lauk kennsluréttindanámi frá Háskóla Íslands 2004 og meistaraþrófi í mannfræði frá sama skóla 2003. Rannsóknir hans snúast að mestu um karla og karlmennskuhugmyndir.

Þorgerður Einarsdóttir (the@hi.is) er prófessor í kynjafræði við Háskóla Íslands. Rannsóknir hennar snúast um femínísk fræði, gagnrýnin jafnréttisfræði og kynjajafnrétti.

## About the authors

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir (kolbrun.hrund.sigurgeirsdottir@reykjavik.is) is a project manager for Equality in the Department of Education and Youth in Reykjavík. She completed a teacher education from the University of Iceland in 2006 and a diploma in Sexology and an MA degree in Gender studies from the University of Iceland in 2015.

Þórður Kristinsson (thordurk@kvenno.is) is a PhD student in education studies and a teacher at an upper secondary school in Iceland called Kvennaskólinn í Reykjavík. He completed teacher education from the University of Iceland in 2004 and an MA degree in anthropology from the University of Iceland in 2003. His research is mostly related to men and masculinity.

Þorgerður Einarsdóttir (the@hi.is) is a professor of gender studies at the University of Iceland. Her main research areas are gender relations, feminism and gender equality in a broad sense.

## Heimildir

- Aapola, S., Gonick, M. og Harris, A. (2004). *Young femininity: Girlhood, power and social change*. London: Palgrave Macmillan.
- Ásta Jóhannsdóttir og Kristín Anna Hjálmsdóttir. (2011). Skaðleg karlmennska? Greining á bókinni Mannasiðir Gillz. *Netla – Vefritarir um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2011/ryn/002.pdf>
- Ástrós Erla Benediktsdóttir. (2016). *Kynhegðun, kynheilbrigði og klámáhorf framhaldsskólanema* (MA-ritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Birger, J. (2015). *Date-onomics: How dating became a lopsided numbers game*. New York: Workman.
- Blaxter, L., Hughes, C. og Tight, M. (2006). *How to research*. Milton Keynes: Open University Press.
- Bogle, K. (2008). *Hooking up: Sex, dating and relationships on campus*. New York: New York University Press.
- Bridges, A. J., Sun, C. F., Ezzell, M. B. og Johnson, J. (2016). Sexual scripts and the sexual behavior of men and women who use pornography. *Sexualization, Media, & Society*, 2(4), 1–14. Doi: 10.1177/2374623816668275.
- Butler, J. (2006). *Gender trouble. Feminism and the subversion of identity*. New York: Routledge Classics.
- Charmaz, K. (2006). *Constructing grounded theory: A practical guide through qualitative analysis*. London: Sage.
- Connell, R. W. (1987). \*Cambridge, UK: Polity Press.
- D’Cruz, H., Gillingham, P. og Melendez, S. (2007). Reflexivity, its meaning and relevance for social work: A critical review of the literature. *British Journal of Social Work*, 37(1), 73–90.



- Dines, G. (2010). *Pornland: How porn has hijacked our sexuality*. Boston: Beacon Press.
- Donevan, M. og Mattebo, M. (2017). The relationship between frequent pornography consumption, behaviours, and sexual preoccupation among male adolescents in Sweden. *Sexual & Reproductive Healthcare, 12*, 82–87. Doi: 10.1016/j.srhc.2017.03.002
- Escoffier, J. (2007). Scripting the sex: Fantasy, narrative, and the sexual scripts in pornographic films. Í M. S. Kimmel (ritstjóri), *The sexual self: The constructing of sexual scripts* (bls. 61–80). Nashville: Vanderbilt University Press.
- Fine, M. (1988). Sexuality, schooling, and adolescent females: The missing discourse of desire. *Harvard Educational Review, 58*(1), 29–53.
- Fjær, E. G., Pedersen, W. og Sandberg, S. (2015). “I’m not one of those girls”: Boundary-work and the sexual double standard in a liberal hookup context. *Gender & Society, 29*(6), 960–981. Doi.org/10.1177/0891243215602107
- Gagnon, J., & Simon, W. (1973). *Sexual conduct: The social sources of human sexuality*. Piscataway, NJ: Aldine.
- Gerstl-Pepin, C. og Patrizio, K. (2009). Learning from Dumbledore’s pensive: Metaphor as an aid in teaching reflexivity in qualitative research. *Qualitative Research, 9*(3), 299–308.
- Grubbs, J. B., Wright, P. J., Braden, A. L., Wilt, J. A. og Kraus, S. W. (2019). Internet pornography use and sexual motivation: A systematic review and integration. *Annals of the International Communication Association, 43*(2), 117–155. Doi: 10.1080/23808985.2019.1584045.
- Guðbjörg Hildur Kolbeins. (2016). Klámnotkun íslenskra framhaldsskólanema. Í Helga Ólafsdóttir og Thamar M. Heijstra (ritstjórar) *Þjóðarspejillinn XVII. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2016* (bls. 1–13). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/26363>
- Gyða Margrét Pétursdóttir. (2012). Styðjandi og mengandi kvenleiki innan áru kynjajafnréttis. *Íslenska þjóðfélagið, 3*, 5–18.
- Haavio-Mannila, E., Kontula, O. og Rotkirch, A. (2002). *Sexual lifestyles in the twentieth century: A research study*. Basingstoke, UK: Palgrave.
- Hammersley, M. og Atkinson, P. (2002). *Ethnography: Principles in practice*. London/New York: Routledge.
- Hennink, M., Hutter, I. og Bailey, A. (2011). *Qualitative research methods*. London: Sage.
- Hinsegin frá Ö til A, <https://otila.is/>.
- Holland, J., Ramazanoglu, C., Sharpe, S. og Thomson, R. (1998). *The male in the head: Young people, heterosexuality and power*. London: Tufnell press.
- Horsburgh, D. (2003). Evaluation of qualitative research. *Journal of Clinical Nursing, 12*(2), 307–312.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík: Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafraeðum.
- Johansen, K. H. B., Pedersen, B. M. og Tjørnhøj-Thomsen, T. (2019). ‘I think in some way you’re afraid to lose your dignity maybe’: Exploring Danish girls’ concerns in relation to sexual activity. *European Journal of Women’s Studies* 1–15. Doi:10.1177/1350506819831394.
- Jóna Ingibjörg Jónsdóttir. (2009). *Heilbriggt kynlíf, fræðsla og félagsmótun. Kynlíf: Heilbrigði, ást og erotik*. Reykjavík: Bókaútgáfan Opna.
- Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir. (2013). Úrtök og úrtaksaðferðir í eigindlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 129–137). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Kimmel, M. (2008). *Guyland: The perilous world where boys become men*. New York: Harper Collins.
- Kolbrún Gunnarsdóttir, Reynir Tómas Geirsson, Eyjólfur Þorkelsson, Jón Þorkell Einarsson, Ragnar Freyr Ingvarsson og Sigurbjörg Bragadóttir. (2008). Viðhorf og þekking 16 ára unglinga á kynlífstengdu efni. *Læknablaðið, 94*(6), 453–460.
- Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir. (2015). „Strákar geta haft svo mikil völd.“ *Upplifun stúlkna á kynlífsmenningu framhaldsskólanema* (MA-ritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Leitenberg, H., Detzer, M. J. og Srebnik, D. (1993). Gender differences in masturbation and the relation of masturbation experience in preadolescence and/or early adolescence to sexual behavior and sexual adjustment in young adulthood. *Archives of Sexual Behavior, 22*(2), 87–98.
- Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Jón Sigfússon, Álfgeir Logi Kristjánsson, Hrefna Pálsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2010). *The nordic youth research*. Sótt af [https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/9348/youth\\_and\\_welfare-report\\_2010.pdf?sequence=1](https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/9348/youth_and_welfare-report_2010.pdf?sequence=1)
- Mattebo, M., Tydén, T., Häggström-Nordin, E., Nilsson, K. W. og Larsson, M. (2014). Pornography and sexual experiences among high school students in Sweden. *Journal of Developmental & Behavioral Pediatrics, 35*(3), 179–188. Doi:10.1097/DBP.0000000000000034.
- Morris, A. (2014, 31. mars). *Tales from the millennials’ sexual revolution*. *Rolling Stone*. Sótt af <https://www.rollingstone.com/interactive/feature-millennial-sexual-revolution-relationships-marriage/>
- Mulvey, L. (2003). Sjónræn nautn og frásagnarkvikmyndin (Heiða Jóhannesdóttir þýddi). Í Guðni Elíasson (ritstjóri), *Áfangar í kvikmyndafraeðum*. (Upphafleg grein kom út 1975). Reykjavík: Forlagið.

- Peterson, J. L. og Hyde, J. S. (2011). Gender differences in sexual attitudes and behaviors: A review of meta-analytic results and large datasets. *Journal of Sex Research*, 48(2–3), 149–165. Doi:10.1080/00224499.2011.551851.
- Plummer, K. (2012). The social reality of sexual rights. Í P. Aggleton og R. Parker (ritstjórar), *Routledge handbook of sexuality, health and rights* (bls. 45–55). London, New York: Routledge.
- Rannsóknir og greining. (2018). *Ungt fólk 2018: Lýðheilsa ungs fólks í Reykjavík: Niðurstöður rannsókna meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk árið 2018*. Sótt af [https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/reykjavik\\_heild\\_loka.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgefid_efni/reykjavik_heild_loka.pdf)
- Rosin, H. (2012). *The end of men: And the rise of women*. New York, Riverhead: The Atlantic.
- Russell, D. (1993). Introduction. Í D. E. H. Russell (ritstjóri), *Making violence sexy: Feminist views on pornography* (bls. 1–20). New York: Teachers college press.
- Salvör Sæmundsdóttir. (2018). "... This happens so fast, we just can't keep up" Case study on the gender-perspective in sexuality education in Iceland (MSc-ritgerð). Háskólinn í Lundi, Svíþjóð.
- Sciortino, K. (2015, 9. september). *Breathless: In defence of hookup culture*. *Vogue*. Sótt af <https://www.vogue.com/article/breathless-karley-sciortino-hookup-culture-casual-sex>
- Sigríður Halldórsdóttir. (2013). Yfirlit yfir eigindlegar rannsóknaraðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 299–313). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Simon, W. and Gagnon, J. H. (2003). Sexual scripts: Origins, influences and changes. *Qualitative Sociology*, 26(4), 491–497.
- Sóley S. Bender. (2006a). Kynlífsheilbrigði: Frá þögn til þekkingar. *Tímarit hjúkunarfræðinga*, 82(4), 46–50.
- Sóley S. Bender. (2006b). Kynlífsheilbrigði: Þörf fyrir stefnumótun. *Tímarit hjúkunarfræðinga*, 82(4), 52–56.
- Sóley S. Bender. (2013). Samræður í rýnihópum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 299–313). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sun, C., Bridges, A., Johnson, J. A. og Ezzell, M. B. (2016). Pornography and the male sexual script: An analysis of consumption and sexual relations. *Archives of Sexual Behavior*, 45(4), 983–994. doi:10.1007/s10508-014-0391-2
- Sørensen, A. D. og Knudsen, S. (2006). *Unge, køn og pornografi i Norden – Slutrapport. ANP 2006:749*. Sótt af [http://www.nikk.no/wp-content/uploads/NIKKpub2006\\_Unge-kon-og-pornografi\\_Slutrapport.pdf](http://www.nikk.no/wp-content/uploads/NIKKpub2006_Unge-kon-og-pornografi_Slutrapport.pdf)
- Taylor, K. (2013, 12. júlí). Sex on campus: She can play that game, too. *New York Times*. Sótt af <http://www.nytimes.com/2013/07/14/fashion/sex-on-campus-she-can-playthat-game-too.html?pagewanted=all>
- Toerien, M. og Wilkinson, S. (2003). Gender and body hair: Constructing the feminine woman. *Women's Studies International Forum*, 26(4), 333–344. Doi: 10.1016/S0277-5395(03)00078-5
- Tolman, D. og McClelland, S. (2011). Normative sexuality development in adolescence: A decade in review, 2000–2009. *Journal of Research on Adolescence*, 21(1), 242–255. Doi: 10.1111/j.1532-7795.2010.00726.x.
- Tolman, D., Strieter, M. I. og Harmon, I. (2003). Gender matters: Constructing a model of adolescent sexual health. *Journal of Sex Research*, 40(1), 4–12. Doi:10.1080/00224490309552162.
- Wade, L. (2017). *American hookup: The new culture of sex on campus*. New York: W.W. Norton.
- Walby, S. (1990). *Theorizing patriarchy*. Oxford: Blackwell.
- World Association for Sexual Health (WAS). (2014). *Declaration of sexual rights*. Sótt af [http://www.worldsexology.org/wp-content/uploads/2013/08/declaration\\_of\\_sexual\\_rights\\_sep03\\_2014.pdf](http://www.worldsexology.org/wp-content/uploads/2013/08/declaration_of_sexual_rights_sep03_2014.pdf)
- Þorgerður Einarsdóttir. (2006). Kynjakerfið: Úrvaling í auglýsing eða viðvarandi kynjahalli? Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VII. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2006* (bls. 445–456). Sótt af <https://skemman.is/bitstream/1946/8638/1/F%C3%A9lagsv%C3%ADsindab%C3%B3k%202006.pdf>



Kolbrún Hrunn Sigurgeirsdóttir, Þórður Kristinsson og Þorgerður J. Einarsdóttir (2019). Kynlífsmenning framhaldsskólanema frá sjónarhorni ungra karla Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2019/ryn/09>  
DOI: <https://doi.org/10.24270/netla.2019.9>